



Viðtakandi: Endurskoðunarnefnd

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 29. nóvember 2024

FAS24110051

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Fyrirspurn um kostnað við þjónustu við fatlað fólk

Þann 14. október sl. var óskað eftir upplýsingum fyrir endurskoðunarnefnd um kostnað við þjónustu Reykjavíkurborgar við fatlað fólk. Fram kom að til að byrja með væri einungis verið að óska eftir upplýsingum sem liggja fyrir og nýlegra gagna sem gætu nýst endurskoðunarnefnd.

Svar:

Í skýrslum fjármála- og áhættustýringarsviðs með árs- og árshlutauppgjörum eru venjulega birtar tölur sem sýna heildstæða sundurliðun tekna og gjalda Reykjavíkurborgar vegna málaflokksins og afkomu hans með heildstæðum hætti. Þá er að finna í greinargerð fagsviða A-hluta, kafla velferðarsviðs, nánari upplýsingar og skýringar vegna rekstrar. Í eftirfarandi töflu er að finna samantekt tekna, gjalda og afkomu fyrir árið 2022, 2023 og fyrstu 9 mánuði ársins 2024.

Málefni fatlaðs fólks	járhæðir í m.kr.)	2022	Br. %	2023	2024 jan.-sept.
Tekjur:					
Framlag frá Jöfnunarsjóði		7.971	32%	10.538	9.190
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		350	16%	407	3
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		75	6%	79	0
Útsvarstekjur 0,25% RVK		1.826	13%	2.055	1.622
Þjónustutekjur		136	62%	220	112
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		168	0%	168	35
Tekjur alls		10.525	28%	13.467	10.962
Gjöld:					
Laun og launatengd gjöld		12.440	9%	13.577	11.027
Húsaleiga		555	18%	656	541
Annar rekstrarkostnaður		463	0%	462	475
NPA þjónusta		1.348	21%	1.630	1.624
Þjónustugjöld (samningar)		4.013	8%	4.317	2.877
Stjórnunarkostnaður		53	0%	53	40
Lengd viðvera ÍTR		186	13%	211	149
Lengd viðvera SFS		746	5%	783	483
Gjöld alls		19.804	10%	21.689	17.216
Niðurstaða		-9.280		-8.222	-6.253



Reykjavík



Athygli er vakin á því að í aftasta dálk er aðeins tímabilið jan. – sept. 2024. Vert er að geta þess að í byrjun árs 2023 var framlag í Jöfnunarsjóð hækkað um 0,22%-stig af útsvarstofni sem skýrir hækkun tekna um 28% frá árinu 2022 að hluta. Þá náðist samkomulag í lok síðasta árs um annan áfanga í hækkun framlags til málaflokksins um 0,23%-stig af útsvarstofni. Reykjavíkurborg ber enn mikinn halla af rekstri málaflokksins eins og fram kemur í fyrirbyggjandi níu mánaða uppgjöri og lýst er í töflunni hér að ofan.

Til nánari glöggvunar er hjálagt að finna minnisblað sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 18. apríl 2024, þar sem farið er yfir stöðu og þróun málaflokksins í Reykjavík út frá helstu þjónustupáttum hans.

Þá hafa sameiginlegir starfshópar ríkis og sveitarfélaga unnið að ítarlegum greiningum á málaflokknum á síðustu árum. Í janúar á þessu ári skilaði starfshópur um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk af sér *Áfangaskýrslu I* um stöðu málaflokksins og tillögur um aðgerðir. Samkomulag milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins sem skrifað var undir í desember 2023 byggði á niðurstöðum hennar, en í samkomulaginu og skýrslunni kemur skýrt fram að enn er talsvert í land með að taka ákvarðanir um og skýra verka- og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Í september sl. skilaði endurnýjaður starfshópur ríkis og sveitarfélaga af sér *Áfangaskýrslu II*, en í þeirri skýrslu er að finna ýmsar tillögur, þó þannig að ekki er að finna skýrar tillögur um kostnaðarskiptingu þess sem eftir stendur. Það er því ennþá talsvert í land með fjármögnun og verkaskiptingu í málaflokknum.

Í umsögn Reykjavíkurborgar um fjárlagafrumvarpið, dags. 3. okt. 2024, er fjallað um það sem enn stendur útaf í fjármögnun málaflokksins, sjá hjálagt.

Virðingarfyllst,

Haldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 18. apríl 2024.

Tengill á áfangaskýrslu [I: Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk](#), dags. janúar 2024.

Tengill á áfangaskýrslu [II: Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk](#), dags. september 2024.

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til fjárlaga 2025, mál nr. 1/155.



Reykjavík, 18. apríl 2024
MSS23120072
VEL24040027

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Staðan í málaflokki fatlaðs fólks

Fyrir liggur áfangaskýrsla starfshóps um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Hópurinn var skipaður af félags- og vinnumarkaðsráðherra um mitt ár 2022 og var stofnaður í kjölfar vinnu tveggja starfshópa, annan um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 og hinn um kostnaðarþróun í málaflokknum árin 2018-2020, en niðurstöður kostnaðargreiningar sýndu alvarlega fjárhagslega stöðu þjónustu við fatlað fólk á vegum sveitarfélaga.

Í fyrirbyggjandi skýrslu er með ítarlegum hætti gerð grein fyrir kostnaðarþróun málaflokksins. Farið er yfir einstaka þætti lið fyrir lið en auk verðlagsbreytinga er kostnaðaraukinn rakinn til fjölgunar einstaklinga á framlögum, betri vinnutíma í vaktavinnu (stytting vinnuvikunnar), kostnaðarauka sveitarfélaga umfram aðra markaði vegna kjarasamninga, breytinga á þjónustu á heimilum fólks, þjónustu við börn með fjölþættan vanda, öryggisvistunar fullorðinna og NPA samninga. Í skýrslunni er áréttað að fastlega megi gera ráð fyrir að útgjöld haldi áfram að aukast og skyldu aðila að bregðast skjótt við og vakin athygli á því “að innan tveggja til þriggja ára horfa ríki og sveitarfélög fram á mikinn fjárhagslegan vanda sem verður illviðráðanlegur verði ekkert að gert”.

Ríki og sveitarfélög skrifuðu undir samkomulag um breytingu á fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk þann 15. desember síðastliðinn. Samkomulagið felur í sér að útsvarsprósenta sveitarfélaga hækkar um 0,23% með samsvarandi lækkun tekjuskattsprósentu ríkisins. Samkomulagið felur jafnframt í sér að ríki og sveitarfélög munu halda áfram vinnu við kortlagningu, greiningu og gerð tillagna er snúa að börnum með fjölþættan vanda, yngri hjúkrunarsjúklingum, fullorðnum sem sæta öryggisráðstöfunum og vinnu við að ná niður biðlistum eftir sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk. Hækkunin nemur um sex milljörðum króna miðað við árið 2024. Í kjölfar samkomulags frá því í desember 2022 fluttust 5,7 milljarðar króna frá ríki til sveitarfélaganna og er heildarhækkun á fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk, frá árinu 2022, tæplega 12 milljarðar króna en í lok árs 2022 var um sambærilegan flutning á tekjustofnum að ræða frá ríki til sveitarfélaga sem nam 0,22% af útsvarsstofni.

Ljóst er að enn vantar umtalsvert upp á fulla fjármögnun málaflokksins. Það er mat sveitarfélaganna að til framtíðar þurfi að hækka útsvarið um allt að 1%-stig til að takast á við fyrirsjáanlega uppbyggingu í málaflokknum og fjármagna umfang þess að öðru óbreyttu. Í ljósi þess hve umfangsmikið verkefnið er var ákveðið að áfangaskipta vinnu hópsins og hefur félags- og vinnumarkaðsráðherra skipað nýjan starfshóp sem hefur fengið það verkefni að kortleggja, greina og gera tillögur að þeim þáttum sem voru skilin eftir í ofangreindu



samkomulagi frá 15. des. 2023, eins og að framan er greint. Áframhaldandi uppbygging þjónustunnar veltur á því að niðurstaða fái stíð í samningum við ríkið um þessa, en þeir eru:

- Stöðu og framtíð barna og ungmenna með fjölpættan vanda
- Stöðu og framtíð einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa verið dæmdir til að sæta öryggisgæslu eða öðrum öryggisráðstöfunum
- Áætlun um að uppfylla þjónustuparfir fatlaðs fólks í samræmi við lög 38/2018 þ.m.t. sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk með auknar stuðningsþarfir
- Stöðu og framtíð þjónustu við ungt fólk á hjúkrunarheimilum

Í ljósi ofangreinds verður í þessu minnisblaði farið yfir stöðu og þróun málaflokksins í Reykjavík út frá helstu þjónustupáttum.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg hefur sinnt málaflokki fatlaðs fólks frá árinu 2011 þegar málaflokkurinn færðist frá ríki til sveitarfélaga.

Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum var unnin á árunum 2012 og 2013¹. Stefnan var unnin í samráði við hagsmunasamtök fatlaðs fólks og að gerð hennar komu kjörnir fulltrúar, fatlað fólk og hagsmunasamtök þess, embættismenn, sérfræðingar og starfsfólk. Stefnan byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og á sér stoð í 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Aðgerðaáætlun með stefnunni er fullunnin². Gert er ráð fyrir að vinna við nýja stefnu hefjist á árinu 2024.

Fyrstu árin eftir yfirfærslu málaflokksins einkenndust af miklu lærdómsferli, borgin tók yfir rekstur íbúðakjarna og herbergjasambýla, vinnu- og virknimiðaða stoðþjónustu auk félagslegrar ráðgjafar og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk (áður frekari liðveisla). Áður höfðu sveitarfélögin sinnt félagslegri liðveislu (nú stuðningsþjónusta) við fatlað fólk og akstursþjónustu.

Húsnæðismál fatlaðs fólks

Strax árið 2011 kom í ljós að fleiri voru á bið eftir húsnæði og þjónustu en gert hafði verið ráð fyrir og hófst kortlagning á stöðunni ásamt áætlunum um uppbyggingu þegar í stað. Árið 2012 samþykkti velferðarráð kaup á 32 stökum íbúðum fyrir einstaklinga með geðfötlun. Árið 2013 samþykkti velferðarráð þjálfunarheimili að Njálsgötu 65 fyrir 6 til 7 einstaklinga. Njálsgata var lögð niður 2016 og varð að Liðsaukanum, færanlegu teymi sem veitir stuðning til 18 einstaklinga.

Þriggja til fimm ára uppbyggingaráætlun velferðarsviðs er varðar sértæk húsnæðisúrræði var samþykkt í velferðar- og borgarráði í apríl 2014 og með breytingum samþykktum í velferðarráði 18. desember 2014.

Í apríl 2016 var samþykkt í velferðar - og borgarráði viðbót við fyrri samþykktir en um var að ræða „Neyðaráætlun - þrjú nýir íbúðakjarnar á árunum 2016 - 2017“, þar af eitt bráðabirgðahúsnæði til að leysa úr neyðarmálum nokkurra fatlaðra einstaklinga.

Á fundi velferðarráðs þann 22. júní 2017 var samþykkt „Uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða 2018 - 2030 fyrir fatlaða einstaklinga“ og þann 24. ágúst 2017 var hún samþykkt í borgarráði. Uppbyggingaráætlunin er byggð á húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar

¹ Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum
https://reykjavik.is/sites/default/files/vel_fatladir_heima.pdf

² Aðgerðaáætlun og stöðumat stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum



til 2030 og stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 –2024. Um er að ræða áfangaskipta áætlun í þremur áföngum:

- Áfangi I (2018 - 2020) gerir ráð fyrir 80 - 90 íbúðum.
- Áfangi II (2021- 2025) 42 - 50 íbúðir.
- Áfangi III (2026 - 2030) 35 - 43 íbúðir. (3 kjarnar og félagslegt leiguhúsnæði).

Í heildina er um að ræða alls 157 - 183 íbúðir. Alls hafa 18 nýir íbúðakjarnar verið teknir í notkun frá árinu 2018³. Bent er á að árið 2020 var fjöldi íbúa í sértæku húsnæði í Reykjavík 459 talsins eða um 48% á landsvísu sem voru samtals 957. Reykjavík naut hins vegar aðeins framlags með um 35% fjölda einstaklinga eða 448 af 1275 á landsvísu. Er það mat Reykjavíkurborgar að kostnaðarauka ársins 2020 umfram annarra sveitarfélaga megi að mestu rekja til þessa.

Árið 2022 var svo endurskoðuð uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk samþykkt í velferðar- og borgarráði. Áætlunin gerir ráð fyrir 20 íbúðakjörnum, þar af 11 íbúðakjörnum út frá biðlistum, sex íbúðakjörnum vegna niðurlagningar herbergjasambýla og þremur vegna húsnæðis í eigu þriðja aðila. Húsnæði í eigu þriðja aðila eru íbúðakjarnar að Hólmasundi, Barðastöðum og Sléttuvegi sem eru í eigu Brynju, leigufélags Öryrkjabandalagsins en langtíma leigusamningar vegna þessa húsnæðis fylgdu með við yfirfærslu málaflokksins. Tækifæri til að losa um leigusamning við Brynju vegna Sléttuvegar gafst í lok síðasta árs og því eru einungis tveir íbúðakjarnar eftir í þessum flokki. Endurskoðuð uppbyggingaráætlun hefur ekki verið fjármögnuð en hluti hennar átti að koma inn á árunum 2023 og 2024.

Uppbyggingaráætlun 2022 - 2030

Ár	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Fjöldi nýrra úrræða	1	3	4	7	0	0
Fjöldi viðbótar rýma	6	18	24	42	0	0
Uppsöfnuð fjölgun rýma	6	24	48	90	90	90
Meðalkostnaður á heimili	0	59.074	56.291	49.953	49.519	49.519
Áætlaður kostnaður	0	1.417.778	2.701.973	4.495.807	4.456.737	4.456.737

Á árunum frá yfirfærslu hefur níu herbergjasambýlum verið lokað og íbúum boðnir aðrir búsetukostir. Hefur það verið gert á grundvelli ákvæða í framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks og bráðabirgðaákvæðis II í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og á grundvelli 10 ára áætlunar velferðarsviðs um lokun herbergjasambýla frá árinu 2017. Enn eru 10 herbergjasambýli í rekstri, átta fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir og tvö fyrir geðfatlað fólk.

Heildarbiðlisti eftir húsnæði fyrir fatlað fólk hefur aldrei verið lengri þrátt fyrir mikla uppbyggingu síðustu ár, hann taldi í desember 2023, 207 einstaklinga þar af eru 162 að biða eftir fyrstu úthlutun og 45 á bið eftir milliflutningi úr einu húsnæði í annað.

Í kjölfar dóms Héraðsdóms Reykjavíkur þann 16. júní 2021 í máli nr. E-2712/2020⁴ þar sem Reykjavíkurborg var dæmd til að greiða einstaklingi á bið eftir sértæku húsnæði bætur, kr. 1.100.000.-, var skert á verklagi um upplýsingagjöf til einstaklinga á biðlista. Samkvæmt núgildandi verklagi fá einstaklingar sem verið hafa á biðlista umfram þrjá mánuði sendar persónulegar áætlanir um hvenær fyrirhugað sé að húsnæðisúrræði geti verið tilbúið⁵. Þessar

³ Nýir íbúðakjarnar frá 2018

⁴ Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-2712/2020

⁵ Skapalón að bréfi



áætlanir taka mið af uppbyggingu húsnæðis samkvæmt endurskoðaðri uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk. Ljóst er að framangreindar áætlanir riðlast þar sem uppbygging hefur tafist vegna þess að uppbyggingaráætlunin hefur ekki verið fjármögnuð.

Í maí 2023 óskuðu Landssamtökin Þroskahjálp eftir upplýsingum um nöfn og heimilisföng einstaklinga á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk með það að markmiði að bjóða þessum einstaklingum leiðbeiningar um réttarstöðu þeirra þannig að þeir geti tekið afstöðu til þess hvort þeir telji sig vera í sambærilegri stöðu og aðili framangreinds dómsmáls og í framhaldi aðstoð við að sækja rétt sinn⁶. Þann 16. janúar sl. barst bótakrafa á hendur Reykjavíkurborgar fyrir hönd 29 einstaklinga sem eru á bið eftir húsnæði.

Einstaklingar með tvígreiningar, þ.e. bæði geðsjúkdóm og virkan fíknisjúkdóm

Reykjavíkurborg tók yfir búsetuþjónustu við geðfatlaða einstaklinga á grundvelli svonefnds Straumhvarfaverkefnis árið 2008. Íbúar í geðkjörnum fyrstu árin voru almennt ekki í neyslu fíkniefna. Stofnaðir voru tveir svonefndir tvígreiningarkjarnar fyrir einstaklinga sem voru með alvarlega geðsjúkdóma og áttu sögu um neyslu en voru óvirkir. Staðan nú er þannig að af 179 íbúum í geðkjörnum og húsnæði með stuðningi í Reykjavík eru 60 einstaklingar með tvígreiningar. Þessi aukning hefur gert allt starf innan geðkjarnanna mun flóknara en áður og aukið álag bæði á aðra íbúa og starfsfólk auk þess sem tíðni alvarlegra atvika hefur aukist. Mikil þörf er á stigskiptri búsetuþjónustu fyrir einstaklinga með tvígreiningar. Með stigskiptri búsetu er átt við skammtímabúsetu allt að tveimur til þremur árum þar sem einstaklingur fær stuðning og þörf fyrir framtíðarbúsetu er metin. Skrifstofa málefna fatlaðs fólks sótti um og fékk styrk að upphæð 30 m.kr. frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að móta og þróa stuðning við tvígreindra einstaklinga. Það verkefni hófst nú í febrúar.

Stoð- og stuðningsþjónusta

Við yfirfærslu færðist öll ráðgjöf við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra frá ríki til sveitarfélags sem og allur félagslegur stuðningur í formi liðveislu (nú stuðningsþjónusta) og aðstoð við athafnir daglegs lífs, frekari liðveisla (nú stoðþjónusta). Stoð- og stuðningsþjónusta við fatlað fólk er umfangsmikill þjónustupáttur og á tímabilinu janúar til nóvember 2023 nutu alls 358 fatlaðir einstaklingar slíkrar þjónustu í Reykjavík. Biðlistar eftir þessari þjónustu hafa verið viðvarandi frá yfirfærslu en ávallt er forgangsraðað þannig að þeir sem eru í mestri þörf bíða styst og neyðarmál eru afgreidd strax. Í árslok 2023 voru 85 einstaklingar á biðlista eftir stoð- og stuðningsþjónustu. Í ljósi breyttrar hugmyndafræði í málaflokknum á grundvelli samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, lagasetningar frá 2018 og stefnu Reykjavíkurborgar getur öflug stoð- og stuðningsþjónusta gert fötluðu fólki sem ekki þarf sólarhringsviðveru kleyft að búa í eigin íbúð, hvort heldur eignaríbúð eða félagslegu leiguhúsnæði og þannig komið í veg fyrir þörf á sértækri búsetuþjónustu.

Brýnt er að hlúa að þessu þjónustuformi og styrkja það enn frekar.

Notendasamningar og notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Notendasamningar í formi beingreiðslu hafa tíðkast frá því fyrir yfirfærslu. Fyrstu samningarnir voru þríhliða samningar milli Svæðisskrifstofu í málefnum fatlaðs fólks, félagsþjónustu og viðkomandi einstaklings. Þessir samningar voru gerðir í undantekningatilfellum þegar hefðbundin þjónusta dugði ekki til. Fyrstu reglur um beingreiðslusamninga í Reykjavík tóku gildi í desember 2015 og er markmið reglnanna að auka val einstaklinga á formi og fyrirkomulagi aðstoðar að undangengnu faglegu mati á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar. Í árslok 2023 voru alls 46 einstaklingar með beingreiðslusamning í Reykjavík. Heildarkostnaður

⁶ Bréf dagsett 8. maí 2023 frá Flóka Ásgeirssyni, lögmanni.



beingreiðslusamninga á árinu 2023 var 484 m.kr. Oft fær fólk beingreiðslusamning vegna biðar eftir notendastýrðri persónulegri aðstoð (hér eftir nefnd NPA). Þegar einstaklingur svo fær NPA samning þá færist fjármagnið úr beingreiðslusamningi í NPA samninginn.

NPA hófst sem tilraunaverkefni árið 2012. Auglýst var eftir þátttakendum í tilraunaverkefnið og var markmiðið að fá sem fjölbreyttasta reynslu af þjónustuförinu. Mikil og góð reynsla fékkst af tilraunaverkefninu og alveg ljóst að þau sem tóku þátt voru mjög sátt. Það var svo með tilkomu laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 (11. gr.) að NPA varð lögbundið þjónustuför og litu fyrstu reglur Reykjavíkurborgar um NPA dagsins ljós með samþykkt velferðarráðs og borgarráðs í mars 2019. NPA samningar í Reykjavík eru nú 41 talsins en þeim var fjölgað um 14 í lok árs 2023 í kjölfar samþykktar velferðar- og borgarráðs. Innleiðingartímabil NPA þjónustu var framlengt með breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir haustið 2023 og gildir nú til loka árs 2024 en þá er áætlað að samningar á landinu öllu verði 172 talsins. Í meðfylgjandi töflu eru upplýsingar um fjölda NPA samninga frá 2018, annars vegar á landinu öllu og hins vegar í Reykjavík.

ÁR	FJÖLDI Á LANDSVÍSU		ÁR	FJÖLDI Í REYKJAVÍK
2018	77		2018	19
2019	87		2019	24**
2020	83		2020	23***
2021	90		2021	30 (29)****
2022	89		2022	29 (27)*****
2023	97+28*		2023	27+14*****

* Talan fyrir árið 2023 miðast við þá samninga sem komnir voru til framkvæmda 10. september, þegar sótt var um framlag vegna þess árs. Til viðbótar hafa 28 umsóknir verið samþykktar og hófust þeir samningar ýmist á haustmánuðum eða munu komast til framkvæmda nú í upphafi nýs árs.

**Fimm samningar bættust við á árinu 2019

***Tveir samningar mæðgina sameinaðir í einn

**** Sjó samningar settir af stað á árinu - Einn notandi féll frá á árinu

***** Fyrri part árs eru 29 samningar – Tveir notendur féllu frá á árinu

*****Fengum mótframlag með 14 nýjum samningum í árslok

Það eru því 125 fatlaðir einstaklingar á landinu öllu með NPA samninga, þar af 41 í Reykjavík. Gert er ráð fyrir fjölgun samninga á landsvísu um 47 á þessu ári þar sem kveðið er á um framlag til allt að 172 samninga í lok árs 2024 samanber bráðabirgðaákvæði I í lögum 38/2018. Þann 26. janúar sl. barst bréf frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti til sveitarfélaga landsins þar sem óskað er eftir umsóknum um 25% framlag ríkisins til nýrra NPA samninga á árinu 2024⁷.

Þess má geta að tveir einstaklingar sem fengu NPA samning í nóvember sl. en voru áður á bið eftir NPA hafa stefnt borginni vegna langs biðtíma eftir samningi. Í öðru málinu hefur náðst sátt en hitt málið er fyrir dómi með kröfu stefnanda um miskabætur vegna langs biðtíma.

Vinnu- og virknimiðuð stoðþjónusta

Við yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga færðust atvinnumál fatlaðs fólks til sveitarfélaga. Í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir segir m.a. í 22. gr. „*skipulag, framkvæmd og rekstur vinnustaða fyrir verndaða vinnu, hæfingu*

⁷ Bréf frá FRN, dagsett 26. janúar 2024



og virknipjálfun er á ábyrgð sveitarfélaga, nema annað sé sérstaklega ákveðið með samkomulagi ríkis og Vinnumálastofnunar“. Við yfirfærslu voru tveir vinnustaðir í Reykjavík ætlaðir fötluðu fólki með langvarandi stuðningsþarfir, Gylfaflöt og lðjuberg. Í dag eru vinnustaðirnir fjórir en Opus í Völvufelli og SmíRey í Arnarbakka hafa bæst við.

Nú eru um 70 fatlaðir einstaklingar í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu á velferðarsviði. Velferðarsvið veitir einnig 167 einstaklingum vinnu- og virknimiðaða stoðþjónustu á grundvelli þjónustusamnings við Ás styrktarfélag í alls 108 dagrymum. Á grundvelli þeirra breytinga sem þegar hafa verið gerðar á vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu hefur eftirspurn eftir þjónustu velferðarsviðs aukist en áður var eftirspurnin fyrst og fremst eftir þjónustu Áss styrktarfélags. Árleg nýliðun og aukin þörf á þróun og nýbreytni gerir að verkum að mikil þörf er fyrir nýtt húsnæði undir vinnu- og virknimiðaða stoðþjónustu enda liggur fyrir að Arnarbakinn og Völvufellið munu víkja við uppbyggingu hverfisins.

Skammtímadvalir fyrir fötluð börn

Velferðarsvið rekur fimm skammtímadvalir fyrir fötluð börn og ungmenni. Vegna langra biðlista eftir búsetuþjónustu hefur reynst erfitt að grynka á fjölda fullorðinna fatlaðra einstaklinga í skammtímadvöl. Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2017 er að finna heimild til að veita fullorðnu fötluðu fólki sem býr í foreldrahúsum skammtímadvöl meðan beðið er eftir annarri þjónustu. Nú eru um fatlaðir einstaklingar, 18 ára og eldri, í skammtímadvöl sem ætluð er börnum og ungmennum. Nú eru um 32 fatlaðir einstaklingar, 18 ára og eldri, í skammtímadvöl sem ætluð er börnum og ungmennum. Þessi staða gerir að verkum að biðlistar eftir þjónustu við börn lengjast auk þess sem flókið er að sinna börnum og fullorðnum á sama tíma vegna ólíkra stuðningsþarfa. Að mati skrifstofu málefna fatlaðs fólks er brýnt að aðgreina börn og fullorðna sem nýta þjónustu skammtímadvala. Æskilegt væri að setja á laggirnar sérstaka skammtímadvöl fyrir fullorðið fatlað fólk meðan þau bíða eftir framtíðarhúsnæði.

Málefni fatlaðra einstaklinga með flóknar og sértækar stuðningsþarfir vegna hegðunar

Á undanförunum árum hefur orðið veruleg aukning á fjölda einstaklinga sem hafa umtalsverðar stuðningsþarfir vegna óæskilegrar hegðunar. Að sama skapi hefur fjöldi dóma og úrskurða sem tengjast brotum á VII. kafla almennra hegningarlaga; Um öryggisráðstafanir, sviptingu borgararéttinda og upptöku eigna, aukist. Jafnframt hafa dómur og úrskurðir dómstóla í auknum mæli kveðið á um að sakborningar séu dæmdur til búsetu innan sveitarfélags á ábyrgð og undir eftirliti yfirlæknis réttargeðdeildar Landspítala. Þessi þróun er verulega íþyngjandi fyrir Reykjavík og til þess fallin að setja búsetuþjónustu velferðarsviðs í uppnám auk þess sem kostnaður er gríðarlegur. Svonefndir rýmkunardómar, þ.e. úrskurðir dómstóla sem kveða á um rýmkun frá öryggisgæslu á réttargeðdeild, í búsetuþjónustu sveitarfélags, hafa verið viðurkenndir af félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu sem hlutverk ríkisvaldsins og hefur Reykjavíkurborg fengið endurgreiddan kostnað vegna þriggja slíkra dóma frá árinu 2016.

Þetta eru þó langt í frá einu dómarnir sem hafa fallið. Sem dæmi um fleiri dóma sem hafa fallið á síðari árum eru einstaklingar sem hafa verið dæmdir til öryggisvistunar í Klettabæ á kostnað Reykjavíkurborgar. Dæmi er um einstakling sem fékk dóm á grundvelli 62. gr. almennra hegningarlaga árið 2020 og hefur sá dómur ekki verið fullnustaður af þar til bærum aðilum og viðkomandi er í búsetu hjá Reykjavíkurborg. Í lok september sl. féll dómur í máli einstaklings sem er búsettur í íbúðakjarna fyrir geðfatlaða og þann 13. desember barst erindi frá embætti ríkissaksóknara til yfirlæknis á geðdeild LSH, sviðsstjóra velferðarsviðs ásamt heilbrigðisráðuneyti og félags- og vinnumarkaðsráðuneyti með afriti á dómsmálaráðuneytið þess efnis að dómurinn skyldi fullnustaður. Í desember úrskurðaði héraðsdómur Reykjavíkurborgar einstakling í rýmkun frá réttargeðdeild í búsetu hjá Reykjavíkurborg.



Velferðarsvið borgarinnar hefur margítrekað vakið athygli og máls á þessari stöðu og kallað eftir aðkomu ríkisins.


Ungmennni vistuð í Klettabæ

Þau 19 ungmenni sem nú eru vistuð í Klettabæ á grundvelli fötlunar voru upphaflega vistuð þar á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002. Samkvæmt nógildandi verklagi skal hefja yfirfærsluáætlun frá barni til fullorðins þegar fatlað barn verður 17 ára. Í tilfellum þeirra sex ungmenna 18 ára og eldri sem enn eru vistuð á vegum Klettabæjar eru einungis tvö sem bíða eftir hefðbundnu búsetuúrræði aðrir þurfa að öllum líkindum sérsniðin úrræði og umfangsmikinn stuðning. Kostnaður vegna þessara einstaklinga nam 1,4 ma.kr á árinu 2023.

Fjármögnun málaflokksins

Við yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 var gert ráð fyrir að fjármögnun málaflokksins yrði að fullu tryggð með hækkun útsvars. Fjármögnunin var endurskoðuð árið 2014 með hækkun útsvars í 1,24% þar sem 0,25%-stig fara beint til sveitarfélaga en 0,99% -stig til Jöfnunarsjóðs sem skiptir fjármunum milli þjónustusvæða/sveitarfélaga að mestu á grunni þjónustuþyngdar (SIS mats). Árið 2016 bættust við fjármögnun málaflokksins 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

Þess ber að geta að SIS mat er ekki lögbundið mat og einstaklingar geta hafnað því að fara í slíkt mat. Í þeim tilvikum hefur borgin fengið greiddan raunkostnað við þjónustu einstaklinga, þ.e. ef stuðningur við viðkomandi er umfangsmikill.



Mismunur á milli tekna og gjalda hefur hins vegar vaxið jafnt og þétt í gegnum árin einkum fyrir tilstilli aukinna krafna um þjónustu sem byggja á lögum, reglugerðum og alþjóðlegum samþykktum. Fyrir liggur að mikið vantar upp á að þjónustukröfur sem þessi lagasetning leggur á sveitarfélög hafi verið kostnaðarmetin eins og 129. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 gerir ráð fyrir og 66. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Í árslok 2022 náðist áfangasamkomulag við ríkið um frekari fjármögnun málaflokksins þegar útsvarsprósenta sveitarfélaga var hækkuð um 0,22%-stig og aftur í árslok 2023 þegar




útsvarsprósantan var hækkuð um 0,23%-stig til viðbótar. Þannig nemur eiginfjármögnun sveitarfélaga í dag enn 0,25% en sá hluti útsvars sem rennur til Jöfnunarsjóðs nemur 1,44%.

Vakin er athygli á því að árið 2023 jukust framlög sem Reykjavíkurborg greiðir til Jöfnunarsjóðs vegna málaflokksins um 2,72 ma.kr. Hækkunina má rekja bæði til aukinna útsvarstekna og 0,22%-stigs hækkunar útsvars. Framlög frá Jöfnunarsjóði til Reykjavíkurborgar jukust hins vegar einungis um 2,56 ma.kr á sama tíma. Þetta bendir til þess að Reykjavíkurborg fær hlutfallslega minna þegar viðbótarfjármagni inn í málaflokkinn er endurdreift í gegnum Jöfnunarsjóð heldur en ef 0,25%-stigs eiginfjármögnun sveitarfélaga yrði hækkuð.

Meðfylgjandi tafla sýnir þróun tekna og gjalda og hvernig mismunurinn þar á milli hefur vaxið jafnt og þétt síðustu ár. Árið 2022 var hlutdeild ríkisins í fjármögnun málaflokksins aðeins 53%. Uppsafnaður mismunur frá árinu 2011 til ársloka 2022 nemur 35,6 ma.kr. og er þá ótalinn halli málaflokksins árið 2023.

Málefni fatlaðs fólks	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Tekjur	4.153	4.804	5.098	5.246	5.993	6.656	7.279	7.790	7.944	8.938	9.385	10.525
Gjöld	4.430	4.868	5.512	6.233	7.074	8.018	9.385	10.597	12.151	14.880	16.440	19.804
Tekjur umfram gjöld	-277	-64	-414	-987	-1.081	-1.362	-2.106	-2.807	-4.207	-5.942	-7.055	-9.279
Uppsafnaður mismunur	-277	-341	-755	-1.742	-2.823	-4.185	-6.291	-9.098	-13.305	-19.247	-26.302	-35.581



Lokaorð

Hér að framan hefur verið tæpt á helstu þjónustubáttum sem Reykjavíkurborg sinnir í málaflökki fatlaðs fólks. Um er að ræða lögbundna þjónustu sem borgin hefur sinnt frá árinu 2011. Mikil gerjun hefur átt sér stað í málaflöknum frá yfirfærslu árið 2011, nýjar reglugerðir og ný lög tóku gildi strax árið 2011, sem dæmi má nefna lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 og reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Alþingi fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks haustið 2016 og nú er unnið að lögfestingu samningsins. Ný löggjöf í málaflöknum tók gildi með lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Með lögum nr. 38/2018 varð notendastýrð persónuleg aðstoð að lögbundnu þjónustuformi. Ljóst er að nýjar kröfur og aukin áhersla á réttindi fatlaðs fólks með tilkomu nýrra laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla leggja auknar skyldur á þjónustuveitendur.



Auknum skyldum fylgir aukinn kostnaður og hafa sveitarfélög sem eru helstu þjónustuveitendur í málaflokknum glímt við tekjuvanda nánast allar götur frá yfirfærslu. Í framhaldi af vinnu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 var sett á laggirnar nefnd skipuð fulltrúum ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu málaflokksins. Sú nefnd skilaði af sér tillögum í lok desember 2023. Eins og sagði í upphafsorðum minnisblaðs þessa er gert ráð fyrir að tekjuaukning sveitarfélaga vegna reksturs málaflokks fatlaðs fólks frá 2022 verði tæpir 12 milljarðar á landsvísu. Sú upphæð dugar ekki fyrir uppsöfnuðum halla málaflokksins og því liggur fyrir að tekjuaukningin fari í að greiða niður halla á málaflokknum. Þetta er miður því rík þörf er á þróun og uppbyggingu málaflokks sem hefur verið vanfjármagnaður frá upphafi.

Við yfirfærsluna sköpuðust miklar væntingar meðal fatlaðs fólks og aðstandenda þeirra um aukna og betri þjónustu en verið hafði enda var samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafður að leiðarljósi við gerð framtíðarsýnar borgarinnar í málaflokknum. Sömu sögu er að segja þegar stefna borgarinnar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum var kynnt. Þegar horft er til núverandi stöðu er ljóst að Reykjavíkurborg getur ekki staðið við skuldbindingar í þjónustu við fatlað fólk. Málaflokkurinn er vanfjármagnaður og ekki er hægt að standa undir lagalegum kröfum sem settar hafa verið á þjónustuna.

Það viðbótarfjármagn sem hefur komið inn í málaflokkinn síðustu ár hefur runnið í uppsafnaðan halla en ekki til framtíðaruppbyggingar. Biðlistar lengjast eftir lögbundinni þjónustu og fyrir það líður fatlað fólk.

Fylgiskjöl:

Yfirlit yfir nýja íbúðakjarna fyrir fatlað fólk, teknir í notkun frá 2018.

Bréf Magna lögmanna, dags. 8. maí 2023.

Bréf Magna lögmanna, dags. 16. janúar 2024.

Bréf félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 26. janúar 2024.

Skapalón að bréfi vegna persónulegrar áætlunar

Skapalón að bréfi vegna stöðu umsóknar um húsnæði fyrir fatlað fólk

Yfirlit yfir íbúðakjarna fyrir fatlað fólk sem teknir hafa verið í notkun frá 2018

Nýir íbúðakjarnar frá 2018		
	Tekið í notkun	Auka upplýsingar
Samliggjandi íbúðakjarnar sem hluti af blokk		
Hallgerðargata 1-11	2023	Samliggjandi íbúðir sem hluti af stærri blokk
Árskógar 7	2021	Samliggjandi íbúðir sem hluti af stærri blokk
Brautarholt 28	2022	Samliggjandi íbúðir sem hluti af stærri blokk
Einholt 6	2019	Samliggjandi íbúðir sem hluti af stærri blokk
Elliðabraut 12	2020	Samliggjandi íbúðir sem hluti af stærri blokk
Hraunbær 157	2021	Samliggjandi íbúðir sem hluti af stærri blokk
Keilugrandi 1-3	2020	Samliggjandi íbúðir sem hluti af stærri blokk
Móavegur 8	2019	Samliggjandi íbúðir sem hluti af stærri blokk
Stakstæðir íbúðakjarnar		
Austurbrún 6a	2020	1 hæð - Rúmgóður kjarni sem sömu hönnun og Kambavað 5
Árland 10	2022	1 hæð - góð lóð í fallegu umhverfi í fossvogsdalnum
Hagasel 23	2022	2 hæðir - Hús byggt úr CLT einingum sem hlotið hefur Svansvottun
Rökkvatjörn 3	2022	3 hæðir - Bjartar og fallegar íbúðir sem standa við rætur Úlfarsfells
Stjörnugróf 11	2022	1 hæð - Rúmgóðar íbúðir á stórrí lóð í námunda við íþróttamannvirki Víkings
Tindasel 1	2022	1 hæð - byggt við eldra hús 2 íbúðir og eldra húsnæði endurgert
Vesturgata 67	2023	4 hæðir - Fallegar og bjartar íbúðir með góðu útsýni í námunda leikskólann Drafnarsreinn
Laugavegur 105	2024	1 hæð - Góð staðsetning við Hlemm og miðborgina
Kambavað 5	2020	1 hæð - Rúmgóður kjarni í Norðlingaholtinu
Laugavegur 67a	2021	3 hæðir - Góð staðsetning í fallegu húsi.
Íbúðarkjarnar í byggingu og hönnunarferli:		
Háteigsvegur 59	2024	Umhverfisvænt hús sem er með 30-50 % minna kolefnisspor heldur en viðmiðunarhús
Brekkaás 6	2024	Stendur ofarlega í borgarlandinu, hannað til að uppylla flóknar og miklar þjónustuþarfir
Nauthólsvegur 83	2025	Er í hönnunarferli á skemmtilegri lóð í nábýli við HR
Stekkjabakki 5	2026	Er í hönnunarferli á stórrí lóð í breiðholtinu

Borgarlögmaður
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2023

Efni: Beiðni um upplýsingar um umsækjendur á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði hjá Reykjavíkurborg sem kunna að vera í sambærilegri stöðu og aðili héraðsdómsmáls nr. E-2712/2020

Vísað er til fyrri bréfaskipta um úthlutun sértæks húsnæðisúrræðis til umsækjenda með þroskahömlun. Með bréfi 29. mars sl. óskuðu Landssamtökin Þroskahjálp eftir upplýsingum um og afstöðu Reykjavíkurborgar til nánar tilgreindra atriða í tilefni af dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 2021 í máli nr. E-2712/2020 þar sem því var slegið föstu að Reykjavíkurborg hefði með verklagi sínu við röðun á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði og úthlutun þess til umsækjenda brotið með bótaskyldum hætti gegn réttindum einstaklings með þroskahömlun á biðlista eftir slíku úrræði hjá sveitarfélaginu. Í bréfinu var m.a. óskað upplýsinga um hvort sveitarfélagið hafi í kjölfar dómsins greitt bætur til annarra einstaklinga í sambærilegri stöðu og ef ekki hvort einstaklingum sem tilheyra þessum hópi hafi verið leiðbeint um mögulegan bótarétt sinn.

Í svarbréfi sveitarfélagsins 24. apríl sl. kemur fram það mat þess að ekki sé unnt að túlka framangreindan dóm svo að í honum felist staðfesting á ætlaðri ólögmati meingerð Reykjavíkurborgar gagnvart öðrum einstaklingum sem samþykktir hafa verið á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði. Um atviksbundið mat sé að ræða og alls óvíst að skortur á persónubundinni áætlun um útvegum viðeigandi húsnæðis hafi falið í sér ólögmeta meingerð gagnvart öllum einstaklingum sem samþykktir hafa verið á biðlista eftir slíku húsnæði. Í bréfinu kemur jafnframt fram að þar sem Reykjavíkurborg hafi ekki litið svo á að umræddir einstaklingar séu í sambærilegri stöðu hafi sveitarfélagið hvorki greitt bætur til annarra einstaklinga en aðila framangreinds dómsmáls né haft áform um að gera slíkt.

Landssamtökin Þroskahjálp geta ekki tekið undir þá túlkun Reykjavíkurborgar á dóminum að mat á því hvort skortur á persónubundinni áætlun um útvegum viðeigandi húsnæðis feli í sér ólögmeta meingerð gagnvart öðrum einstaklingum en þeim sem aðild átti að hlutaðeigandi dómsmáli sé atviksbundið umfram þau almennu atvik sem lögð voru til grundvallar niðurstöðu dómsins. Líkt og rakið er í bréfi samtakanna 29. mars sl. lúta forsendur dómsins að þessu leyti að almennu verklagi Reykjavíkurborgar við meðferð umsókna um sértækt húsnæðisúrræði sem ágreiningslaust er að viðhaft var í öllum málum og fól að mati dómsins í sér að aðili málsins fékk ekki notið réttinda sinna samkvæmt lögum nr. 38/2018 og reglugerð nr. 370/2016. Minnt skal á í því sambandi að ákvæðum laga nr. 38/2018 og reglugerðar nr. 370/2016 sem lúta að sértæku húsnæðisúrræði er m.a. ætlað að tryggja rétt fatlaðs fólks til að lifa sjálfstæðu lífi og að bið eftir úrræði felur í sér bið eftir því að geta hafið slíkt líf. Algjör óvissa um hvort og þá

MAGNA

hvenær henni kunni að ljúka er eðli máls samkvæmt verulega íþyngjandi fyrir umsækjanda um sértækt húsnæðisúrræði líkt og lagt er til grundvallar í dómi héraðsdóms.

Vegna þess sem fram kemur í svörum sveitarfélagsins að það sé ekki sammála mati héraðsdóms á skyldum þess samkvæmt lögum nr. 38/2018 og reglugerð nr. 370/2016 telja samtökin rétt að leggja á það áherslu að dómur héraðsdóms er bindandi fyrir sveitarfélagið óháð afstöðu þess til hans eða ástæðum þess að fallið var frá áfrýjun hans. Í dóminum felst endanleg niðurstaða að lögum um réttindi og skyldur aðila dómsmálsins sem á grundvelli jafnræðisreglna 65. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 hefur áhrif á skyldur sveitarfélagsins í öðrum málum sem teljast sambærileg í lagalegu tilliti.

Af svörum Reykjavíkurborgar verður ekki séð að það atviksbundna mat sem sveitarfélagið telur sjálft ráða því hvort aðrir einstaklingar á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði teljist vera í sambærilegri stöðu í lagalegu tilliti hafi farið fram. Þannig verður ekki ráðið að sveitarfélagið hafi lagt á það mat, á grundvelli upplýsinga um þau atvik sem sveitarfélagið telur hafa þýðingu í því sambandi, hvort og þá hvaða einstaklingar á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði hjá sveitarfélaginu teljist vera í sambærilegri stöðu í lagalegu tilliti og aðili umrædds dómsmáls.

Ekki verður heldur ráðið af svörum Reykjavíkurborgar að sveitarfélagið hafi leiðbeint einstaklingum á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði um að þeir kunni eftir atvikum að vera í sambærilegri stöðu og aðili dómsmálsins með tilliti til bótaréttar á hendur sveitarfélaginu og þá nánar um það hvaða atvik hafi að mati sveitarfélagsins þýðingu í því sambandi þannig að aðilar geti sjálfir metið réttarstöðu sína og gætt hagsmuna sinna. Samtökin telja rétt í þessu sambandi að leggja á það áherslu að skylda til þess hvílir á sveitarfélaginu nema það telji fyrir fram ljóst að það hafi ekki með því verklagi sem talið var ólögmætt í dómi héraðsdóms brotið með bótaskyldum hætti gegn neinum öðrum einstaklingum en aðila þess máls. Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi svörum sveitarfélagsins til samtakanna að þetta sé afstaða þess þótt þar komi fram að sveitarfélagið telji ekki unnt að slá því föstu að allir einstaklingar á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði eigi sjálfkrafa bótarétt.

Að virtum framangreindum svörum Reykjavíkurborgar er það mat Landssamtakanna Þroskahjálps að sveitarfélagið hafi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart einstaklingum á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði hjá því í tilefni af dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 6. júní 2021 í máli nr. E-2712/2020. Dómurinn veitir sveitarfélaginu að mati samtakanna skýrt tilefni til að leiðbeina þeim afmarkaða hópi einstaklinga sem ljóst er að til greina kemur að átti geti samskonar bótarétt og aðili þess máls og gefa einstaklingum sem tilheyra þessum hópi þannig tækifæri til að gæta hagsmuna sinna. Tilefni þessa er enn brýnna, og vanræksla á því þeim mun alvarlegri, í ljósi þess að um afar viðkvæman hóp einstaklinga er að ræða sem útilokað er að geti gætt hagsmuna sinna án leiðbeininga af þessu tagi.

Líkt og vísað var til í bréfi samtakanna til sveitarfélagsins 29. mars sl. er tilgangur samtakanna sá að berjast fyrir réttindum fólks með þroskahömlun og skyldar raskanir. Sem fyrr segir er það mat samtakanna að réttindi einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði hjá Reykjavíkurborg hafi ekki verið virt í þessu máli þar sem

MAGNA

sveitarfélagið hefur hvorki gert fullnægjandi ráðstafanir í kjölfar Héraðsdóms Reykjavíkur 6. júní 2021 í máli nr. E-2712/2020 til að koma verklagi sínu varðandi biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði í lögmætt horf né leiðbeint þeim einstaklingum sem kunna að eiga bótarétt á hendur sveitarfélaginu í samræmi við niðurstöðu dómsins um þennan möguleika þannig að þeim gefist færi á að gæta eigin hagsmuna. Samtökin leggja jafnframt þann skilning í svör sveitarfélagsins að þótt vinna við endurskoðun verklagsins sé yfirstandandi séu engin áform uppi um að leiðbeina einstaklingum á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði um mögulegan bótarétt þeirra.


Af framangreindu tilefni og með vísan til 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 óska Landssamtökin Þroskahjálp eftir því að Reykjavíkurborg láti samtökunum í té upplýsingar um nöfn og heimilisfang þeirra 130 einstaklinga sem voru á biðlista hjá sveitarfélaginu eftir sértæku húsnæðisúrræði 1. apríl sl. og vísað er til í svörum sveitarfélagsins. Þar sem um upplýsingar er að ræða sem falla undir 1. másl. 1. mgr. 9. gr. upplýsingalaga og sem óheimilt er að afhenda nema með samþykki þess sem í hlut á ber Reykjavíkurborg að óska eftir afstöðu hlutaðeigandi einstaklinga til afhendingar þeirra, sbr. einnig 2. mgr. 17. gr. laganna.

Beiðni þessi er sett fram í þeim lögmæta tilgangi, sbr. 4. og 6. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, að Landssamtökin Þroskahjálp geti aðstoðað einstaklinga með þroskahömlun að gæta réttinda sem ljóst er af svörum Reykjavíkurborgar að þeir hafa ekki fengið neitt raunhæft tækifæri til að gæta fram til þessa. Að fengnum umbeðnum upplýsingum munu samtökin veita hlutaðeigandi einstaklingum leiðbeiningar um réttarstöðu þeirra þannig að þeir geti tekið afstöðu til hvort þeir telja sig vera í sambærilegri stöðu og aðili áðurgreinds dómsmáls og þá hvernig þeir telja rétt að bregðast við dóminum af sinni hálfu.

Þess er óskað að tilgangur beiðninnar komi fram í samskiptum sveitarfélagsins við framangreinda 130 einstaklinga þannig að þeir geti tekið upplýsta afstöðu til beiðninnar og eftir atvikum veitt samþykki sitt fyrir afhendingu upplýsinga um sig til Landssamtakanna Þroskahjálp í þessum tilgangi ef þeir kjósa. Landssamtökin Þroskahjálp munu ekki vinna með umbeðnar upplýsingar í öðrum tilgangi en að framan greinir eða umfram það sem nauðsynlegt er í þágu hans. Öll vinnsla mun fara fram í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Í samræmi við 17. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er þess óskað að beiðni þessi verði afgreidd svo fljótt sem unnt er.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálp,


Flóki Ásgeirsson lögmaður

Borgarlögmaður
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2024

Efni: Bætur vegna langs biðtíma og skorts á upplýsingagjöf við úthlutun sértæks húsnæðisúrræðis

Vísað er til fyrri bréfaskipta Landssamtakanna Þroskahjálpar og Reykjavíkurborgar um ofangreint málefni. Með bréfi samtakanna 29. mars 2023 var óskað eftir upplýsingum um hvort Reykjavíkurborg hefði eða hygðist greiða öðrum einstaklingum í sambærilegri stöðu og aðili héraðsdómsmáls nr. E-2712/2020 sambærilegar bætur og þær sem sveitarfélagið var dæmt til að greiða í því máli. Í svari sveitarfélagsins 24. apríl sama ár kom fram sú afstaða þess að ekki væri unnt að túlka framangreindan dóm með þeim hætti að í niðurstöðu hans fælist staðfesting á ólögmati meingerð sveitarfélagsins gagnvart öðrum einstaklingum sem samþykktir hefðu verið á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði. Helgaðist það af því að aðstæður einstaklinga á biðlista væru ólíkar og um atviksbundið mat væri að ræða hverju sinni.

Í kjölfarið óskuðu Landssamtökin Þroskahjálpar með bréfi 8. maí 2023 eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu um nöfn einstaklinga á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði. Með bréfi sveitarfélagsins 12. október sl. fylgdi listi yfir þá einstaklinga á biðlista sem veitt höfðu samþykki fyrir afhendingu upplýsinga um sig. Í kjölfar afhendingar listans óskuðu Landssamtökin Þroskahjálpar eftir afstöðu hlutaðeigandi einstaklinga til bótakröfu á hendur Reykjavíkurborg og buðu þeim einstaklingum sem vildu hafa uppi slíka kröfu aðstoð til þess.

Meðfylgjandi þessu bréfi eru umboð 29 einstaklinga sem þegið hafa framangreint boð um aðstoð og falið undirrituðum lögmanni að setja fram bótakröfu fyrir sína hönd á hendur Reykjavíkurborg vegna langs biðtíma eftir sértæku húsnæðisúrræði og skorts á upplýsingagjöf á biðtíma. Áður en lengra er haldið og án þess að afstaða sé tekin til bótafjárhæða í einstökum málum er óskað eftir afstöðu Reykjavíkurborgar til bótaskyldu borgarinnar gagnvart hverjum og einum framangreindra 29 einstaklinga. Að því marki sem það er afstaða Reykjavíkurborgar að leggja þurfi atviksbundið mat á hvert mál í ljósi atvika þess til að unnt sé að taka afstöðu til bótaskyldu er þess óskað að slíkt mat fari fram.

Óskað er viðbragða við þessu erindi sem fyrst og eigi síðar en 13. febrúar nk.

Virðingarfyllst,
f.h. ofangreindra 29 einstaklinga,

Flóki Asgeirsson lögmaður

Reykjavík, 26. janúar 2024

Málsnr.: FRN24010057

Efni: Óskað er eftir umsóknum um 25% framlag til nýrra NPA samninga.

Þann 1. janúar 2023 tóku gildi lög um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 (framlenging, ákvæði til bráðabirgða I). Breytingarnar fólust annars vegar í því að innleiðingartímabil notendastýrðar persónulegrar aðstoðar (NPA) var framlengt til ársloka 2024 og hins vegar í því að heildarfjöldi samninga um NPA sem ríkissjóður veitir framlag til er tilgreindur allt að 172 á árinu 2024.

Samþykktar hafa verið umsóknir um framlag til 125 samninga og er því gert ráð fyrir að samningum geti fjölgað um allt að 47 á árinu.

Fylgigögn með umsókn skulu vera:

- a. Drög að einstaklingssamningi.
- b. Drög að samkomulagi um vinnustundir.
- c. Útfylltur viðauki við samkomulag um vinnustundir.
- d. Meðfylgjandi Excel skjal.

Eyðublöð má finna á heimasíðu ráðuneytisins:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/fatlad-folk/npa/samningar-og-eydublod-/>

Óskað er eftir afriti af frumgögnum þar sem persónugreinanlegar upplýsingar um notendur hafa verið afmáðar. Umsókn og fylgigögnum skal skila með tölvupósti til frn@frn.is.

Tekið skal fram að unnið er að breytingum á reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð nr. 1250/2018 í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Áætlað er að reglugerðin verði birt í samráðsgátt stjórnvalda á vormánuðum.

Eins og á síðasta ári mun endurnýjun umsókna vegna NPA samninga á yfirstandandi ári fara fram í september og verða nánari upplýsingar þar að lútandi sendar síðar.

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaða.

Fyrir hönd félags- og vinnumarkaðsráðuneytis,

Anna Klara Georgsdóttir

Nafn
Heimilisfang
Póstnúmer

Auðlesin útgáfa af bréfi um stöðu umsóknar um húsnæði fyrir fatlað fólk

Þú sóttir um húsnæði fyrir fatlað fólk **xx.mánuður í bókstöfum.xxx**. Umsóknin þín var samþykkt og þú ert núna á biðlista. Það þýðir að við erum að vinna í því að útvega þér íbúð.

Það eru **x** margir sem eru að bíða eftir húsnæði hjá Reykjavíkurborg og **x** margir sem eru að bíða eftir eins húsnæði og þú þarft.

Þegar við ákveðum hver er næstur í röðinni til að fá íbúð, þá skoðum við hvernig þjónustu fólk er að fá núna og hvað það er búið að bíða lengi eftir því að fá íbúð. Stundum er fólk sem er á biðlistanum í mjög miklum vandræðum og þá þurfum við stundum að leyfa þeim að fara fram fyrir röðina á biðlistanum og vera á undan þeim sem sóttu fyrr um.

Reykjavíkurborg er búin að samþykkja að byggja fleiri íbúðir fyrir fatlað fólk til þess að fólk þurfi ekki að bíða svona lengi. Það er búið að ákveða að byggja **xx** íbúðakjarna fyrir þá sem eru að bíða eftir eins húsnæði og þú er að bíða eftir. Þeir eiga að vera tilbúnir á árunum **xxxx-xxxx**. Við köllum þetta upp-byggingar-áætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk. Þín íbúð á að vera tilbúin árið **xxxx**.

Við getum samt ekki lofað því að íbúðin þín verði tilbúin á réttum tíma. Það er margt sem getur breytt því að íbúðin þín verði tilbúin árið **xxxx**. Til dæmis erum við ekki ennþá búin að fá nógu mikla peninga í upp-byggingar-áætlunina, við erum ekki búin að fá allar lóðirnar sem við þurfum til að byggja íbúðirnar og svo er ýmislegt sem getur truflað upp-byggingar-áætlunina.

Við skoðum upp-byggingar-áætlunina á hverju ári og þegar það er búið þá hefur ráðgjafinn þinn á miðstöð Reykjavíkurborgar samband við þig og lætur þig vita hvort staða þín hefur breyst og lætur þig vita hvort þú ert enn á sama stað á biðlistanum. Hann athugar líka hvort þú þurfir meiri stuðning á meðan þú ert að bíða eftir íbúð.

Ef þú vilt vita meira eða þarft betri útskýringar er velkomið að hafa samband við
[nafn], [ráðgjafi], [miðstöð] í síma [símanúmer]

Virðingarfyllst,

f.h. úthlutunarteymis húsnaðis fyrir fatlað fólk,
velferðarsviði Reykjavíkurborgar,

Nafn
Heimilisfang
Póstnúmer

Reykjavík xx.xx.xxxx

Efni: Staða umsóknar um húsnæði fyrir fatlað fólk

Umsókn þín um húsnæði fyrir fatlað fólk, dags. **xx.xx.xxx**, var samþykkt á biðlista með bréfi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. **xx.xx.xxx**. Umsókn þín var samþykkt á biðlista eftir sértæku húsnæði í þjónustuflokki **x** fyrir einstaklinga með geðfötun/þroskahömlun og skyldar fatlanir.

Þann 1. júní 2023 voru alls **134** einstaklingar sem áttu gilda umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk. Þar af voru **x** einstaklingar metnir í þörf fyrir stuðning í sama þjónustuflokki og þú.

Við forgangsröðun umsókna eru lögð til grundvallar þau viðmið sem tilgreind eru í matsviðmiðum í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Við forgangsröðun er m.a. horft til þarfa viðkomandi og lengd biðtíma eftir húsnæði. Einnig er horft til annarrar þjónustu sem stendur til boða á biðtíma, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 370/2016 um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk. Þá er litið til núverandi húsnæðisaðstöðu umsækjanda og hversu brýna þörf viðkomandi hefur fyrir viðeigandi húsnæði.

Endurskoðuð uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk var samþykkt á fundi borgarráðs **þann 11. ágúst 2022** og vísað til fjárhagsáætlunargerðar. Þessi áætlun gerir ráð fyrir umtalsverðri uppbyggingu húsnæðis á næstu árum. Í áætluninni er gert ráð fyrir **xx** íbúðakjörnum fyrir fatlaða einstaklinga í þjónustuflokki **xx** sem koma til úthlutunar á árunum **20xx – 20xx**. Þar að auki mun koma til úthlutunar húsnæði í einum íbúðakjarna á grundvelli fyrri uppbyggingaráætlunar sem samþykkt var árið 2017. Miðað við framangreint er gert ráð fyrir að þú fái úthlutað húsnæði á árinu **xxxx**.

Einstaklingsbundin áætlun um útvegum húsnæðis er sett fram með eftirfarandi fyrirvörum þar sem ýmsar óviðráðanlegar aðstæður geta haft áhrif á uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk svo sem fjármögnun áætlunarinnar, breytingar sem orsakast m.a. af aðstæðum á byggingamarkaði hverju sinni og hugsanlegar breytingar á skipulagi innan borgarinnar t.d. hvað varðar lóðaframboð. Þá geta breyttar stuðningsþarfir þínar og/eða annarra umsækjenda haft áhrif á forgangsröðun á biðlista auk þess sem fjölgun eða fækkun umsækjenda í mismunandi þjónustuflokkum getur haft áhrif á röðun biðlista.

Uppbyggingaráætlun um húsnæði fyrir fatlað fólk verður endurmetin árlega. Að loknu endurmati á uppbyggingaráætlun mun ráðgjafi á miðstöð Reykjavíkurborgar hafa samband við þig og veita þér upplýsingar um áætlaða lengd biðtíma, stöðu áætlunarinnar og þann stuðning sem þér stendur til boða á biðtíma, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 370/2016 um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk.

Ef þú óskar eftir nánari upplýsingum eða fundi er þér velkomið að hafa samband við **[nafn]**, **[ráðgjafi]**, **[miðstöð]** í síma **[símanúmer]**

Virðingarfyllt,

f.h. úthlutunarteymis húsnæðis fyrir fatlað fólk,
velferðarsviði Reykjavíkurborgar,



Umsögn

Efni: Frumvarp til fjárlaga 2025, mál nr. 1/155

Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis

Sendandi: Reykjavíkurborg

Fyrir fjárlaganefnd Alþingis liggur frumvarp til fjárlaga árið 2025, mál nr. 1/155. Hefur fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar verið falið að undirbúa umsögn um frumvarpið fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg vill koma á framfæri eftirfarandi atriðum sem öll hafa mikilvæg áhrif á þjónustu, rekstur og afkomu sveitarfélaga:

- komið verði á stöðugleika í efnahagsmálum
- virðisaukaskattur á fjárfestingar sveitarfélaga verði afnuminn
- fjármagnstekjuskattur á lánsviðskipti A- og B- hluta sveitarfélaga verði afnuminn
- tryggð verði full fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk svo aukið fjármagn geti nýst til uppbyggingar en ekki einungis til að greiða niður uppsafnaðan halla sem hefur myndast frá því að málaflokkurinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaga
- frumvarp um ný heildarlög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nái fram að ganga
- tryggð verði fjármögnun á frekari samningum um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og nauðsynlegan stuðning í skólakerfinu við börn á flóttu
- sveitarfélög verði undanskilin í frumvarpi til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila

Í hjálagðri umsögn er ítarlegri umfjöllun um þessi atriði.

1. Staðan í efnahagslegu umhverfi sveitarfélaga

Sveitarfélögin á Íslandi gegna veigamiklu hlutverki í þjónustu hins opinbera við íbúa. Þannig námu samneysluútgjöld sveitarfélaga 83% af samneysluútgjöldum ríkissjóðs árið 2023. Í hagstjórnarlegu tilliti er mikilvægt að halda vexti samneysluútgjalda sem stöðugustum yfir hagsveifluna þ.e.a.s. draga ekki úr þeim í niðursveiflu og ekki auka við þau í uppsveiflu þannig að framlag hins opinbera til efnahagssumsvifa sé sem stöðugast. Í ljósi þess að samneysla og fjárfesting sveitarfélaga er í kringum 80% af samsvarandi útgjöldum ríkissjóðs þá má segja að hagstjórnarhlutverk sveitarfélaga hvað útgjaldahlíðina varðar sé að mestu það sama. Á síðustu árum hefur umfang samneyslu sveitarfélaga farið vaxandi og aukin áhersla verið lögð á hið mikilvæga hlutverk sem sveitarfélögin gegna þegar kemur að allri einstaklings- og

nærþjónustu. Því eru uppi hugmyndir sem miða að því að efla sveitarstjórnarstigið enn frekar og fela sveitarfélögunum aukið hlutverk og frekari verkefni á útgjaldahliðinni. Í því sambandi er mikilvægt að huga að því að samneysluútgjöld eru mjög næm fyrir launahækkunum og verðbólgu þar sem samneysluútgjöld samanstanda nær alfarið af launum og hreinum kaupum á vöru og þjónustu. Jafnframt þarf að huga að því að vaxtagjöld eru annar þungur liður á gjaldahliðinni sem einnig er mjög næmur fyrir efnahagsástandi á hverjum tíma. Núverandi efnahagsástand við skilyrði hárrar verðbólgu og vaxta er því mjög krefjandi fyrir útgjöld sveitarfélaga.

Mikilvægi fjárfestinga sveitarfélaga sést best á því að umfang þeirra nemur nærri 80% af fjárfestingu ríkissjóðs ár hvert. Fjárfesting í innviðum sveitarfélaga er afar mikilvæg til bæði skamms og langs tíma. Þannig geta langtímaáhrif af arðbærri fjárfestingu í innviðum lagt grunn að auknum hagvexti og viðgangi sveitarfélagsins til langrar framtíðar. Ríkissjóður innheimtir hins vegar virðisaukaskatt af fjárfestingu sveitarfélaga sem dregur úr fjárfestingargetu sveitarfélaga til muna og kemur í veg fyrir að fjölmargar arðbærar innviðafjárfestingar verði að veruleika. Þannig má segja að fjárfestingar sveitarfélaga fjármagni að þó nokkru leiti fjárfestingar ríkissjóðs. Slíkur flutningur á fjárfestingargetu frá einu stjórnsýslustigi yfir til annars er afar ósanngjarn og því brýnt að afnema virðisaukaskatt af fjárfestingu sveitarfélaga

Þegar kemur að tekjuhliðinni þá hefur ríkissjóður mun breiðari og fjölbreyttari tekjustofna en sveitarfélögin þrátt fyrir mikil líkindi á eðli og umfangi útgjaldahliðar hjá þessum tveimur stigum stjórnsýslunnar. Þannig hefur ríkissjóður veigameira hagstjórnarhlutverki að gegna, þegar kemur að tekjuhliðinni, á grundvelli eðlis stigvaxandi beinna tekjustofna þess auk óbeinna á meðan sveitarstjórnarstigið hefur aðeins flata beina tekjustofna. Þrátt fyrir að tekjustofnar sveitarfélaga séu flatir og því minna næmir fyrir hagsveiflunni en stigvaxandi tekjustofnar ríkissjóðs sveiflast þeir þó með svipuðum hætti sem gerir rekstur sveitarfélaga mjög krefjandi þegar hagkerfið er í miklu ójafnvægi líkt og nú.

Tekjustofnar sveitarfélaga hafa verið talsvert í umræðunni síðustu ár á þá leið að samhliða auknum verkefnum sveitarfélag þurfi að breikka tekjustofninn. Samantekið hafa allar kennitölur í rekstri sveitarfélaganna farið versandi á síðustu árum. Þannig hefur framlegð, veltufé frá rekstri og rekstrarafgangur verið umtalsvert undir meðaltali síðustu tíu ára. Frávikin má einkum rekja til verulegrar vanfjármögnunar þungra málaflokka líkt og málefni fatlaðs fólks. Finna þarf leiðir til að styrkja núverandi tekjustofna, þ.e. útsvar, fasteignaskatta, framlög Jöfnunarsjóðs og þjónustugjöld. Ræða þarf jafnframt að færa að hluta tekjustofna frá ríkissjóði til sveitarfélaga eins og t.d. fjármagnstekjuskatt sem stuðlað gæti að eðlilegum skatttekjum sveitarfélaga af íbúum sem kjósa að starfa undir merkjum einkahlutafélags. Einnig er mikilvægt að sveitarfélög fái tekjur af gistináttaskatti auk þess sem huga þarf að nýjum sköttum eins og orkuskatti og skatti af sjókvíaeldi.

Stöndug sveitarfélög byggja á því að tekjustofnar séu sem stöðugastir og geti tekist á við hefðbundnar hagsveiflur. Þannig geti sveitarfélög fjárfest og byggt upp í samræmi við þróun og viðgang sveitarfélagsins, lagt fyrir eða greitt niður skuldir þegar vel árar og sinnt hlutverki sínu með eðlilegum hætti í niðursveiflum án þess að ganga of nærri viðkvæmri nærþjónustu í samræmi við hagstjórnarhlutverk þeirra.

Í fjármálastefnu borgarinnar eru skýrar áherslur sem byggja á sameiginlegum markmiðum, ekki bara borgarinnar, heldur samningum og yfirlýsingum sem gerðar hafa verið á sameiginlegum vettvangi ríkis og sveitarfélaga um allt land. Reykjavíkurborg er langstærsta sveitarfélagið á Íslandi. Burðir borgarinnar til þess að taka af fullum krafti þátt í áformum ríkisins á ýmsum sviðum og varða framþróun mikilvægra málaflokka er því meira en annarra. Þetta er

sett fram með skýrnum hætti í stefnumörkun borgarinnar ekki einungis í Græna planinu og fjármálastefnu heldur með áþreifanlegum aðgerðum og leiðandi hlutverki í húsnæðisuppbyggingu, loftslagsmálum, samgöngumálum, lýðheilsu og þjónustu við viðkvæma hópa á sviði velferðarmála, svo sem fatlað fólk, heimilislausa, flóttafólk og margt fleira. Til að stefna ríkisins nái fram að ganga þarf öflug sveitarfélög sem hafa styrka og örugga tekjustofna til að standa undir þjónustu og rekstri. Málaflokkar, sem ríkið hefur falið sveitarfélögunum að sinna, þurfa að vera full fjármagnaðir. Jöfnunarkerfið þarf að vera sanngjarnt og samvinna þarf að byggja á trausti, jafnvægi og gagnkvæmri virðingu.

Skattheimta ríkissjóðs á umsvif sveitarfélaga gerir það oft að verkum að sveitarfélög eru ekki jafnsett ríkissjóði. Nú gildir til dæmis um lánsviðskipti innan samstæðu borgarinnar að þau eru skattlögð. Samsvarandi endurlánsviðskipti milli fjármálaráðuneytis og ríkisfyrirtækja í stað beinnar lántöku þeirra með ríkisábyrgð eru ekki skattlögð með sama hætti. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að alþingi endurskoði lög um tekjuskatt með það fyrir augum að fella niður fjármagnstekjuskatt af þessum lánsviðskiptum innan samstæðu borgarinnar. Eðlilegt væri að gera sveitarfélög jafnsett ríkissjóði og fyrirtækjum þess að þessu leyti.

2. Þjónusta við fatlað fólk

Þjónusta við fatlað fólk var færð frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 og átti hækkun útsvars að tryggja fulla fjármögnun þjónustunnar. Þrátt fyrir mikið kostnaðaraðhald hjá Reykjavíkurborg hefur þessi þjónusta kostað mun meira frá yfirfærslunni heldur en framlög Jöfnunarsjóðs og viðbótarútsvar sveitarfélagsins hafa staðið undir eða alls 48,2 ma.kr umfram tekjur tímabilið 2011 til júní 2024. Hallinn hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin einkum fyrir tilstilli aukinna krafna sem byggja á lögum nr. 38/2018, nýjum reglugerðum og túlkunum á skyldum sveitarfélaganna án þess að fjármagn hafi fylgt.

Útgjaldapróun málaflokksins hefur verið í ítarlegri rýningu frá því á árinu 2021 hjá starfshópum ríkis og sveitarfélaga sem skipaðir hafa verið af ráðherrum málaflokksins á hverjum tíma og nú fyrir a.m.k. þrjár skýrslur með ítarlegum greiningum og tillögum. Í áfangaskýrslu I um „Kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk“ sem birt var á vef félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins 24. janúar 2024 er að finna stöðugreiningu á þjónustu við fatlað fólk og umfjöllun um áskoranir næstu ára. Í skýrslunni kemur fram að fjármagn skorti til þess að veita núverandi þjónustu á sama tíma og kröfur um aukið umfang og innihald þjónustunnar munu verða viðvarandi. Þann 24. september sl. var síðan birt áfangaskýrsla II um „Kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk“. Þar eru lagðar eru fram tillögur um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í málaflokki og eru skilgreind þrjú þjónustustig og gert ráð fyrir að ríkið taki alfarið yfir ábyrgð á þjónustu til tiltekinna málavíða á þriðja stigi. Á þetta m.a. við um þjónustu við börn með fjölþættan vanda, þjónusta við fatlað fólk sem metið er þörf fyrir að sæta öryggisráðstöfunum og þjónusta við fatlað fólk 60 ára og yngra sem býr á hjúkrunarheimilum. Ein af meginniðurstöðum skýrslunnar er að óhjákvæmilegt sé að endurskoða framkvæmd í þjónustu við fatlað fólk þar sem ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga hefur ekki verið skýrt afmörkuð og tilgreind. Á þetta hefur margsinis verið bent í skýrslum sem lagðar hafa verið fram í nafni ríkisstofnana og bera ítrekaðar ábendingar Ríkisendurskoðunar þar hæst. Í nýrri áfangaskýrslu starfshóps um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga er þetta dregið skýrt fram og ljóst að með aðgerðarleysi árum saman hefur ríkið velt verkefnum yfir til sveitarfélaga sem alfarið eru á ábyrgð ríkisins án fjármögnunar og með tilheyrandi kostnaði. Á þetta til dæmis við

um börn og ungmenni með fjölpættan vanda þar sem kostnaður sveitarfélaga vegna barna sem tilheyra þriðja þjónustustigi er um 2,9 ma.kr. á ári.

Aukning hefur orðið á fjölda einstaklinga með umtalsverðar stuðningsþarfir vegna óæskilegrar hegðunar. Jafnframt hafa dómur og úrskurðir dómstóla í auknum mæli kveðið á um að sakborningar séu dæmdir til búsetu innan sveitarfélags. Þessi þróun er verulega íþyngjandi fyrir Reykjavíkurborg og er til þess fallin að setja búsetuþjónustu velferðarsviðs í uppnám auk þess sem kostnaður er mjög mikill.

Þrátt fyrir að samið hafi verið um viðbótarfjármagn til málaflokksins með flutningi á fjármagni frá ríki til sveitarfélaga um sem nemur 0,45%-stigs hækkun útsvars (0,22% árið 2023 og 0,23% árið 2024) vantar enn talsvert upp á fulla fjármögnun málaflokksins. Þannig nam halli málaflokksins hjá Reykjavíkurborg 4,4 ma.kr. fyrstu sex mánuði ársins 2024. Það er mat sveitarfélaganna að enn vanti að fjármagna ríflega þriðjunginn af halla málaflokksins skv. greiningu í áfangaskýrslu I eða sem nemur 0,28%-stigum útsvars. Krafa Reykjavíkurborgar er að ríkið klári að fjármagna núverandi halla málaflokksins. Mikilvægt er að ríkið taki strax til sín þriðja stigs þjónustu við börn með fjölpættan vanda og öryggisvistun 18 ára og eldri og axli með þeim hætti ábyrgð sína. Þá verði sveitarfélögunum lagt til viðbótar útsvar vegna þess sem eftir sendur af núverandi halla. Ríkið komi sérstaklega að þeim hluta þjónustunnar sem fellur undir heilbrigðisþjónustu. Á þetta jafnt við um NPA samninga og notendur sem eru með færni- og heilsumat í búsetu. Það telst óásættanlegt að ríkið varpi árum saman ábyrgð á sveitarfélögin án tekjustofna vitandi að ábyrgðin liggur ekki hjá þeim.

Til viðbótar er það mat sveitarfélaga að til framtíðar þurfi að hækka útsvarið um allt að 0,7%-stig til að takast á við fyrirsjáanlega uppbyggingu í málaflokknum og fjármagna umfang þess að öðru óbreyttu. Er þá miðað við stöðu biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði eins og hún var fyrir tæpu ári síðan og að framlag á fjárlögum vegna NPA verði fært inn í útsvar. Samanlagt nemur fjárvöntun því tæplega 1%-stigi útsvars.

3. Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Eitt af helstu markmiðum málefnasviðs Sveitarfélaga og byggðamála í fjárlagafrumvarpinu er að sveitarfélög verði öflug og sjálfbær til framtíðar. Jöfnunarsjóður hefur mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að jöfnun tekna á milli sveitarfélaga og möguleikum þeirra til að gæta að jafnri stöðu íbúa hvar svo sem þeir búa.

Á síðasta ári var lagt fram í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Markmið frumvarpsins skv. greinargerð þess eru að skapa markvissa jöfnun sveitarfélaga á grundvelli hlutlægs og trausts jöfnunarkerfis sem byggi á traustum mælikvörðum og forsendum. Í því felst að stuðla að markvissari og réttlátari úthlutun jöfnunarframlaga með innleiðingu á nýju líkani. Í frumvarpsdrögunum var tekist á við mikilvæg réttlætismál sem varða Reykjavíkurborg. Þannig er lagt til nýtt jöfnunarframlag vegna sérstakra áskorana og að Reykjavíkurborg fái greitt framlag vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál.

Í frumvarpinu var þó ekki tekið á mikilvægu réttlætismáli sem varðar rekstur grunnskóla eða þjónustu við þriðjung allra barna á Íslandi. Reykjavíkurborg telur að ekki sé lögmætt að útiloka Reykjavík fyrirfram, eitt sveitarfélag, frá því að geta notið jöfnunarframlagi vegna reksturs grunnskóla. Að mati Reykjavíkurborgar er sú útilokun í andstöðu við 65. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944.

Þrátt fyrir þá annmarka sem voru á frumvarpinu, er mikilvægt að það nái fram að ganga og ekki verði á því frekari tafir. Vakin er athygli á að vinna við endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs einskorðaðist að mestu við breytingar á tekjujöfnunar-, útgjaldajöfnunar- og fasteignaskattsframlögum. Mikilvægt er að jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla verði einnig tekin til heildarendurskoðunar enda hafa miklar breytingar orðið á rekstri grunnskóla frá yfirfærslu málaflokksins fyrir rúmum 25 árum síðan. Eðlilegt er að um grunnskólaframlög gildi sömu markmið og fyrir önnur framlög og að þau séu hlutlæg og byggð á traustum mælikvörðum og forsendum.

4. Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar

Gerð er krafa um að ríkið greiði sveitarfélögum með beinum hætti tap útsvarstekna vegna skattfrjáls úttekta á séreignarsparnaði. Í því felst að sveitarfélögum verði bættur halli af ívilnunum sem rýra útsvarsstofn þeirra. Áætlað er að frá árinu 2014 hafi Íslendingar ráðstafað um 210 ma.kr. að raunvirði af séreignarsparnaði sínum inn á húsnæðislán. Gera má ráð fyrir að tekjutap sveitarfélaganna nemi tæplega um 31 ma.kr. eða að meðaltali um 2,8 ma.kr. á ársgrundvelli. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2025 er ekki gert ráð fyrir framlengingu á ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán í gegnum almenna úrræðið. Hins vegar verður áfram heimilt að nýta séreignarsparnað til fasteignakaupa undir formerkjum fyrstu fasteignar. Mikilvægt er að ríkið bregðist við hvernig sveitarfélögum skuli bætt það tekjutap sem í þessu felst.

5. Þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd

Samningur um samræmda móttöku flóttafólks sem gildi til 31. desember 2023 var framlengdur til 31. desember 2024 og unnið er að endurnýjun samnings við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Samningurinn kveður á um 1.500 notendur í þjónustu. Samningur um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd rann út 30. nóvember 2023 en var framlengdur út árið 2024 og er einnig unnið að endurnýjun á þeim samningi. Núverandi samningur kveður á um þjónustu við allt að 300 umsækjendur á hverjum tíma.

Undirbúningur vegna samningagerðar og samningsmarkmiða hófst haustið 2023 og ljóst er að aukið fjármagn þarf að koma frá ríki til þess að hægt sé að standa undir þeirri þjónustu sem samningarnir kveða á um. Sér í lagi á þetta við um samninginn um samræmdu móttökuna þar sem fjármagn skortir vegna leik- og grunnskóla og frístundastarf barna. Í hópi barna sem hafa komið í gegnum samræmdu móttökuna eru meðal annars börn í Klettaskóla en fjöldi erlendra barna í skólanum hefur aukist úr 10 í 46 á síðastliðnum árum. Þá eru allnokkur börn með miklar sérþarfir sem fá sérkennslu og sérstuðning inn í almenna skólakerfinu. Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið sem ekki fær framlag frá Jöfnunarsjóði vegna kennslu fjöltyngdra barna í grunnskólum sem er óásættanlegt.

Innflytjendum og flóttafólki á grunni fjölskyldusameiningar hefur einnig fjölgað. Mikilvægt er að tryggja öllum þeim sem hingað koma frekari gjaldfrjálsa íslenskukennslu og víðtækari samfélagsfræðslu sem ekki hefur verið í boði eins og gert er á öllum Norðurlöndum þannig að einstaklingarnir hafi meiri möguleika á þátttöku í íslensku samfélagi. Sérstaklega þarf að skoða menntunarmöguleika þeirra sem hingað koma eftir að skyldunámi lýkur og huga að menntunarúrræðum fyrir ungt fólk.

6. Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir

Reykjavíkurborg er með margvíslega þjónustu við heimilislauða með miklar og flóknar þjónustuparfir m.a. neyðargistiskýli, tímabundið neyðarhúsnæði, sértæk húsnæðisúrræði og vettvangs og ráðgjafarteymi. Um er að ræða þjónustu og verkefni sem sveitarfélögum eru falin með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1990 með síðari breytingum.

Mikil uppbygging hefur orðið í málaflokknum á síðustu árum og ljóst að meginþungi útgjalda lendar á Reykjavíkurborg sem höfuðborg. Ríkið hefur ekki enn lagt fram stefnu í málaflokknum. Eins ber að geta að mikill skortur er á heilbrigðisþjónustu fyrir þennan hóp. Við fjármögnun þjónustuúrræða fyrir heimilislauða með miklar og flóknar þjónustuparfir er jafnframt mikilvægt að huga að heilbrigðisþjónustu fyrir eldri einstaklinga í hópnum sem eru í mikilli þörf fyrir hjúkrunarrými eða aðra heilbrigðisþjónustu.

Alþingi þarf að tryggja framlag til að fjármagna heimili, hjúkrunarheimili og/eða dagþjónustu fyrir heimilislauða með mikinn og flókinn vímuefnavanda.

7. Þjónusta við aldraða

Gera má ráð fyrir verulegri fjölgun eldra fólks sem þjónusta þarf í heimahúsi. Skýrist það m.a. vegna þess að hlutfallslega fjölgar mest í elsta aldursbilinu, en það eru einmitt þau sem helst þurfa heimþjónustu, þ.e. heimastuðning og/eða heimahjúkrun. Gera má ráð fyrir því að kostnaður vegna heimastuðnings og heimahjúkrunar hækki samhliða þessari þróun. Miðað við rauntölur og mannfjöldaspá hagstofunnar má reikna með aukinni fjárþörf uppá rúma 1,7 ma.kr. á ári eftir 5 ár. Um er að ræða tvöföldun á kostnaði vegna heimahjúkrunar og heimþjónustu á aðeins fimm árum. Til viðbótar er ekki gert ráð fyrir að hjúkrunarrýmum fjölgi í samræmi við fjölgun í þessum hóp og að báðu virtu er ljóst að þörfin mun vaxa umfram eiginlega fjölgun eldra fólks.

8. Frumvarp til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila

Á síðasta löggjafarþingi var enn á ný lagt fram stjórnarfrumvarp um slit ógjaldfærra opinberra aðila, mál 705, þingskjal 1054. Fyrirhuguð lagasetning skal skv. orðanna hljóðan „*taka til stofnana og fyrirtækja ríkisins eða sveitarfélags ef það ber að lögum eða eftir löggerningi einfalda ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar eða fyrirtækisins,...*“. Samband Íslenskra sveitarfélaga, Lánasjóður sveitarfélaga og aðrir aðilar hafa gert alvarlegar athugasemdir við frumvarpið. Vísað er til umsagnar Reykjavíkurborgar í Samráðsgátt stjórnvalda mál S-196/2023 þar sem athugasemdum og áhyggjum borgarinnar hefur verið komið á framfæri. Að óbreyttu mun samþykkt frumvarpsins valda verulegri óvissu um ábyrgð sveitarfélaga og valda neikvæðum áhrifum á lánshæfi og lánskjör fyrirtækja sem eru í eigu þeirra. Reykjavíkurborg tekur undir kröfur Sambands Íslenskra sveitarfélaga þess efnis að sveitarfélög verði undanskilin þessari löggjöf og óvissu gagnvart þeim eytt. Samþykkt frumvarpsins að óbreyttu mun hafa ófyrirséðar áhrif á fjármögnun sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu.

Að öðru leiti er vísað til umsagnar Reykjavíkurborgar um fjármálaáætlun 2025-2029. Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar. Jafnframt óskar Reykjavíkurborg eftir því að fulltrúar borgarinnar fái tækifæri til að koma fyrir fjárlaganefnd og gera betur grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögninni.

Virðingarfyllst,

Einar Þorsteinsson,
borgarstjóri

Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs